



FLÓAHREPPUR

Flóahreppur, Þingborg, 801 Selfoss
Álagning fasteignagjalda 2019

Álagningarprósenta útsvars 14,52%

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

A-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasófn

C-flokkur 1,35% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Lóðarleiga er 1% af lóðamati.

Vatnsgjald

Vatnsgjald er 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

lágmarksálagning á íbúðarhús verði 20.335 kr og hámarksálagning 40.053 kr.

Eitt gjald er innheimt af sumarhúsum 33.891 kr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og seyrulosun hækkar um 5 % milli ára og er hún sem hér segir:

Sorphirða	
240 l tunna	16.561 kr.
660 l kar	45.024 kr.
1100 l kar	74.937 kr.
Sorpeyðing	
Íbúðir	15.597 kr.
Sumarhús	15.597 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	34.032 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	18.434 kr.
Seyrulosun íbúðir og sumarhús á ári	9.708 kr.

Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2019 eru eftirfarandi:

Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt. Greiðslur sem eru 20.000 kr. eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr. til 60.000 kr. greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærri greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Sérstaklega þarf að óska eftir útprentuðum álagningar- og greiðsluseðlum.

Álagningaseðlar verða ekki prentaðir út nema til þeirra sem þess óska heldur sendir rafrænt á island.is. Innheimtuseðlar verða sendir til allra fyrirtæka, en ekki annarra nema sérstaklega sé óskað eftir því.

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370 eða á netfanginu floahreppur@floahreppur.is

Sveitarstjóri Flóahrepps